



## Reglur um úthlutun styrkja til menningarmála

**Mýrdalshreppur**  
Menningarmálanefnd  
Austurvegi 17  
870 Vík

### Úthlutun styrkja til menningarmála í Mýrdalshreppi

Menningarmálanefnd Mýrdalshrepps veitir styrki til fjölbreyttrar menningarstarfsemi í sveitarfélaginu.

Eftirfarandi vinnureglur menningarmálanefndar eru til viðmiðunar fyrir úthlutun styrkja til menningarmála:

- Menningarviðburða/verkefna eða listamaður skulu tengjast Mýrdalshreppi
- Að jafnaði eru ekki veittir ferðastyrkir
- Í umsókn þarf að skilgreina verkefnið og kostnaðaráætlun skal fylgja með.
- Tilgreina þarf ósk um styrkupp hæð.
- Veittir eru styrkir til verkefna á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu.
- Veittir eru styrkir til verkefna sem aðrir aðilar eru í forsvari fyrir s.s. félagasamtök, stofnanir á vegum Mýrdalshrepps eða einkaaðilar.
- Menningarmálanefnd áskilur sér rétt til að krefjast endurgreiðslu styrkja ef breyting verður á verkefninu sem fær styrk.
- Umsóknir um styrki til menningarmála eru að jafnaði teknar fyrir og afgreiddar á fundum nefndarinnar

Tekið er við umsóknum allt árið.

Umsókn skal fylla út á þar til gerðu eyðublaði og skal fylgja greinargerð um verkefnið þar sem fram koma upplýsingar um markmið og leiðir, áætlaðan kostnað og annað það sem styrkþegi telur mikilvægt

Menning er ákaflega fjölbreytt og möguleikar á sviði hennar nær óþrjótandi en markmiðið er alltaf það sama að gera einstaklingnum kleift að njóta eða taka þátt í fjölbreytilegu og skapandi sköpunarstarfi.

Samþykkt á fundi menningarmálanefndar 16. október 2006.  
Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 26. október 2006

Sveinn Pálsson  
Sveitarstjóri